

Reykjavík, 30. september 2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að velferðarstefnu-
heilbrigðisáætlun fram til 2020, sem nú liggja fyrir.**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna því að nú liggja fyrir drög að heilbrigðisáætlun fram til ársins 2020 og með þeim sé leitast við að móta framtíðarsýn í heilbrigðismálum á Íslandi. Jafnframt að lögð sé fram aðgerðaáætlun til að nálgast þau markmið sem fram eru sett í áætlunni, aðgerðir tímasettar og ábyrgðaraðilar tilgreindir. Samtökin telja slíka aðgerðaáætlun nauðsynlega og að mikilvægt sé að tryggja henni fjármagn svo hún megi ganga eftir.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja áætlunina metnaðarfulla og eru sammála því, að huga skuli meira að félagslegum áhrifaþáttum heilbrigðis. Leggja beri áherslu á, að þegar heilbrigði er skoðað, þarf að meta jafnt líkamlega, andlega og félagslega þætti. Samtökin benda einnig á að mikilvægt er að samþætta þessa þjónustuþætti.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur fullgilt, eiga börn rétt á bestu mögulegu heilsufarsaðstoð s.s. að þeim sé tryggt öll nauðsynleg læknaaðstoð og heilbrigðisþjónusta hverju sinni. Rétt er að ítreka að samkvæmt barnasáttmálanum skal börnum ekki mismunað á grundvelli stöðu foreldra þeirra, búsetu, eða annarra félagslegra þátta. Að framansögðu er mikilvægt, að í heilbrigðisáætluninni sé tryggt, að öll börn á Íslandi njóti þeirrar þjónustu sem þar er getið. Mikilvægt er að koma í veg fyrir félagslega mismunun í heilsufarslegu sambandi og tryggja öllum jafnt aðgengi að lágmarks/nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu á hverjum tíma. Sérstaklega er mikilvægt að

huga að stöðu viðkvæmra þjóðfélagshópa. Mikilvægt er að tryggja að öll íslensk börn geti notið þeirrar þjónustu sem í boði er. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja það vera forgangsverkefni að útrýma barnafátækt á Íslandi með öllum tiltækum ráðum.

Fræðslu til foreldra og fagstétta sem vinna með börn og málefni þeirra þyrfti að auka til muna.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi gera eftirfarandi athugasemdir:

1. Athugasemd við kafla B. 3; Holdafar

Samtökin telja að samstarfsaðilar um málefnið skuli ekki einungis vera foreldrar, heldur jafnframt skólar og þar með talið starfsfólk þeirra eins og kennarar, námsráðgjafar og skólahjúkrunarfræðingar.

2. Athugasemd við kafla B. 5; Slysa- og ofbeldisvarnir

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna því, að skipuleggja eigi reglubundna fræðslu til fagaðila sem starfa í mennta-, heilbrigðis- og félagsþjónustu um orsakir, einkenni og afleiðingar ofbeldis. Tilgreindir framkvæmdaraðilar eru m.a. frjáls félagasamtök. Frjáls félagasamtök eins og Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa til þessa verið þeir aðilar sem mest hafa unnið að fræðslu, rannsóknum, vitunarvakningu og forvörnum um vernd barna gegn ofbeldi. Mikilvægt er að stjórnvöld styðji vel við það starf félagasamtakanna og geri þeim áfram kleift að sinna því óhindrað.

3. Athugasemd við kafla B. 9; Tannheilsa

Á aðeins 16 ára tímabili hefur Ísland farið úr því að vera í hópi tíu efstu þjóða meðal OECD-landa hvað tannheilsu 12 ára barna varðar, í það að vera í sjötta neðsta sæti.

Brýnt er að gripið verði til aðgerða hið snarasta svo koma megi þessum málaflokki upp á við og í lag. Mikilvægt er, að sömu reglur gildi um tannheilbrigði og annað líkamlegt heilbrigði barna á Íslandi og þátttaka ríkisins í kostnaði við tannheilbrigði sé hliðstæður öðrum málaflokkum. Jafnframt er mikilvægt að efla fræðslu til foreldra um tannheilsu og auka eftirlit með tannumhirðu.

4. Athugasemd við kafla C. 8; Rannsóknir og þróun

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna auknum rannsóknum á sviði velferðarmála, en telja að þær rannsóknir eigi að vera á fleiri sviðum en tilgreind eru í áætluninni. Mikilvægt er, að gera fleiri rannsóknir á ofbeldi gegn börnum, og börnum sem búa við heimilisofbeldi og almenna vanrækslu.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ágúst Þórðarson
framkvæmdastjóri